



# Leiðbeiningar

## Bólusetning gegn COVID-19

### haustið 2023

Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir

## Bóluefni

Frá 2. október 2023 er eitt bóluefni gegn COVID-19 í notkun á Íslandi:

- Comirnaty XBB 1.5 (eingilt omikron bóluefni Pfizer/BioNTech)

Bóluefnið er mRNA bóluefni sem vekur og örvar svar við S prótíni omikron afbrigðis XBB.1.5

Bólusetning dregur verulega úr hættu á alvarlegum veikindum vegna COVID-19, en hefur ekki reynst mjög gagnleg til að hindra smit til eða frá bólusettum einstaklingi.

Vörn dvínar með tímanum og hefur því reynst nauðsynlegt að mæla með reglulegum örvunarbólusetningum fyrir einstaklinga í aukinni hættu á alvarlegum veikindum vegna COVID-19.

**Aukaverkanir** bóluefna gegn COVID-19 eru oftast vægar og tengjast viðbragði ónæmiskerfisins gegn mótefnavaka bóluefnis:

1. Staðbundnar aukaverkanir s.s. verkur, bólga, roði eða kláði á stungustað og geta varað í nokkra daga, uppundir viku.
2. Aukaverkanir s.s. hiti, höfuðverkur, vöðvaverkir og slappleiki eru fremur algengar aukaverkanir sem vara yfirleitt 2–4 sólarhringa (flensulík einkenni).

Alvarlegar aukaverkanir eru sjaldgæfar hver um sig en hafa komið fram í stórum bólusetninga-herferðum undanfarinna ára. Sjá [grein um sjaldgæfar og/eða alvarlegar aukaverkanir COVID-19 bóluefna](#). Sumar þeirra geta verið lífshættulegar og hefur notkun ákveðinna bóluefna verið hætt hér á landi vegna þeirra.

Einstaklingar með **ofnæmi** gegn innihaldsefnum bóluefnanna eða sögu um bráðaofnæmi vegna stungulyfja eða af óþekktum orsökum ættu **ekki** að þiggja bólusetningu gegn COVID-19 nema að undangengnu mati ofnæmislæknis, á stað þar sem meðferð ofnæmislosts er aðgengileg.

Eftirfarandi hópum **stendur til boða** bólusetning gegn COVID-19 frá og með **2. október 2023**:

Aldurshópur	Hópur nánar	Bóluefni og skammtur	Haust 2023	Vor 2024
6 mán.–4 ára		Ekki fánlegt á Íslandi	--	--
5–11 ára*	Undirliggjandi sjúkdómar	Comirnaty <b>XBB 1.5</b> 10 mcg/skammt	Skv. ákvörðun læknis	Skv. ákvörðun læknis
12–17 ára	Undirliggjandi sjúkdómar	Comirnaty <b>XBB 1.5</b> 30 mcg/skammt	Skv. ákvörðun læknis	Skv. ákvörðun læknis
18–59 ára	Undirliggjandi sjúkdómar	Comirnaty <b>XBB 1.5</b> 30 mcg/skammt	Já	Skv. ákvörðun læknis
	Heilbrigðis- starfsmenn	Comirnaty <b>XBB 1.5</b> 30 mcg/skammt	Já	Tilkynnt síðar ef tilefni er til
60 ára og eldri	Allir	Comirnaty <b>XBB 1.5</b> 30 mcg/skammt	Já	Skv. ákvörðun læknis

\*Hér á landi er ekki fánlegt sérstakt lyfjaform fyrir börn 5–11 ára og fá þau því 1/3 úr venjulegum skammti af bóluefni sem gert er fyrir 12 ára og eldri.

Ekki þarf að taka tillit til fjölda fyrri skammta almennt, né tímasetningu fyrri skammta bóluefnis eða fyrri veikinda við lestur töflunnar. Ef **skortur** er á bóluefni má hafa í huga að einstaklingar í ofangreindum hópum sem hafa fengið COVID-19 innan 4 mánaða eða fengu bóluefni með góða virkni gegn omikron afbrigði innan 4 mánaða geta beðið þar til sá tími er liðinn með að fá XBB 1.5 bóluefni.

Ekki er mælt með reglulegri COVID-19 bólusetningu fjölskyldumeðlima sjúklinga í áhættuhópum nema í undantekningatilvikum, sérfræðilæknir sérlega viðkvæms sjúklings getur ráðlagt um slíkt.

### Framboð COVID-19 bóluefna

Heilbrigðisráðuneyti gerir samninga um innkaup á COVID-19 bóluefnum fyrir hönd Íslands, í tengslum við sameiginleg innkaup EFTA- og Evrópusambandslanda. Samningsbóluefni er bólusetting að kostnaðarlausu. Bóluefni gegn COVID-19 eru ekki á almennum markaði.

### Skráning COVID-19 bólusetninga

Skv. reglugerð um bólusetningar [nr. 221/2001](#) skal skrá allar bólusetningar sem gerðar eru á Íslandi í bólusetningagrunn sóttvarnalæknis. Skráningarkerfi fyrir COVID-19 bólusetningar á Íslandi er tengt grunni sóttvarnalæknis. Bólusetningar erlendis með bóluefnum sem ekki eru notuð á Íslandi þarf að skrá í sjúkraskrárkerfið Sögu.

### Vottorð um COVID-19 bólusetningar

Vottorð eru aðgengileg í Heilsuveru. Einstaklingar án rafrænna skilríkja geta fengið vottorð sent í tölvupósti frá heilsugæslunni sem gerði bólusetninguna.